



Leiðbeinandi upplýsingar um skil á myndum fyrir prentun

- Sjá til þess að þegar þið vinnið/litgreinið myndir að color settings í PS/Lightroom sé stillt á Adobe RGB. Ef verið er að vinna mynd sem eiga að fara sem dæmi á FaceBook þá vista í sRGB annars geta þær m.a. birst dekkri en mynd kemur út í tölvu. Þetta er vegna þess að m.a. FB notar sRGB staðal en ekki Adobe RGB. Litamettun er þó mun betri í Adobe RGB og þess vegna notum við það í öllum tilfellum nema þegar kemur að internetinu.
- Vista mynd í 16 bita tiff (að því gefnu að viðkomandi sé að vinna RAW mynd) og þá að sjálfsgöðu í Adobe RGB.
- Ef mynd er bara til í t.d. sRGB, þá skulum við ekkert missa legvatnið yfir því. Þá gerum við bara það besta sem við getum gert úr því, í langflestum tilfellum er útkoman góð.
- Viðkomandi getur óskað eftir því að við sjáum alfarið um litgreiningu (kostar ekkert auka).
- Sé verið að vinna eina staka mynd eða margar myndir sem jafnvel fara á sýningu sem margir koma að þá viljum við ekki að litgreining/vinnsla mynda fari fram hjá 3ja aðila. Sé það gert er útkoman algerlega á ábyrgð 3ja aðila.
- Við leggjum ríka áherslu að vera í góðu sambandi við viðskiptavinum okkar og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að hann fái þá útkomu sem hann óskar eftir. Það getur falist í vali á pappír með tilliti til áferðar og endingar, og eins líka ef viðkomandi er að sækjast eftir einhverju ákveðnu "lúkki" á myndirnar sínar. Ekki hika við að hafa samband við okkur ef við getum aðstoðað.

